

Íslensku bókahönnunarverðlaunin



Lög

I. Tilgangur

1. grein

Tilgangur Íslensku bókahönnunarverðlaunanna er að styrkja stöðu bókahönnunar á Íslandi, efla vandaða bókaútgáfu og auka faglega umfjöllun um bókahönnun í fjölmiðlum og samfélaginu.

II. Val bóka til samkeppni

2. grein

Hver sá sem gefur út eða hannar prentaðar bækur, sem eru til sölu á almennum markaði, á þess kost að tilnefna bók sem hann óskar að komi til álita samkvæmt nánari reglum sem stofnendur verðlaunanna setja samhliða þessari reglugerð og að frágengnum þátttökukostnaði. Dórnefndareintök af fullfrágengnum útgáfuverkum eru hluti af þátttökukostnaði og eru óendurkrefjanleg. Verðlaunin skiptast í tvo flokka, kápur og heildarhönnun. Við tilnefningu skal tekið fram um hvort er að ræða:

- a) Kápuhönnun
- b) Heildarhönnun, og er verkið þá einnig gjaldgengt í kápuhönnunarflokkinn.

III. Val athyglisverðustu hönnunar ársins

3. grein

Um miðjan nóvember verða valdar sex athyglisverðustu bækurnar í hvorum flokki, kápuhönnunar og heildarhönnunar. Félag íslenskra bókaútgefenda og Félag íslenskra teiknara skipar dórnefnd og tilnefnir formann þeirra. Eigi skulu sömu eintaklingar starfa sem dómarar lengur en þrjú ár samfleytt og líða skulu a.m.k. tvö ár frá dómarastörfum áður en einstaklingar koma til þeirra á ný.

IV. Val verðlaunabókahönnunar ársins

4. grein

Dórnefnd velur eina bók úr hvorum flokki til aðalverðlauna, en auk þess getur dórnefnd veitt hönnuðum allt að fjögurra bóka úr hvorum flokki viðurkenningu í formi silfur- eða bronsverðlauna. Handhafar aðalverðlaunanna skulu leggja fram fimm eintök endurgjaldslaust, til að senda utan í keppni.

Íslensku bókahönnunarverðlaunin



V. Verðlaunafé

5. grein

Verðlaunafjár er aflað samkvæmt stofnskrá settri af Félagi íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra teiknara.

VI. Um merki verðlaunanna

6. grein

Tilnefndar bækur hljóta rétt til þess að bera tilnefningamerki verðlaunanna og verðlaunabækur sömuleiðis rétt til að bera verðlaunamerkið. Ekki er leyfilegt að birta merki verðlaunanna án snertingar við bókakápu þeirrar bókar sem hlotið hefur tilnefningu eða verðlaun.

Samkv. Stjórnarsamþykktum Félags íslenskra bókaútgefenda og Félags íslenskra teiknara, 30. ágúst 2025.